

## Reykjavíkurborg styður gróskumikið menningarlíf í borginni.

Elsa Hrafnhildur Yeoman formaður menningar- og ferðamálaráðs kynnti styrkveitingar ráðsins í Borgarbókasafninu – menningarhúsi í Spönginni 19. janúar. Í aðdraganda þeirra hélt ráðið fjölsóttan opinn fund um nýja menningarstefnu Reykjavíkurborgar „Menning er mannréttindi“ er gildir til ársins 2020. Eitt af nýmælum stefnunnar er gerð aðgerðaráætlunar sem fylgir stefnunni og verður uppfærð árlega. Stefnuna og aðgerðaráætlun hennar má sjá á heimasíðu borgarinnar. Framlag Reykjavíkurborgar til menningarlífsins endurspeglar að mörgu leyti þau markmið sem sett eru í menningarstefnunni til að geta stutt sem best við bakið á gróskumiklu menningarlífi í borginni.

Menningar- og ferðamálaráð felur fimm manna faghópi að fjalla um umsóknir um árlegar styrkveitingar ráðsins. Tillögur faghópsins eru ráðgefandi en menningar- og ferðamálaráð ákveður úthlutun. Faghópurinn hafði 193 umsóknir til umfjöllunar og námu styrkbeiðnir tæpum 400 milljónum króna til margvíslegra verkefna. Faghópurinn gerði tillögur til ráðsins um að vilyrði yrðu gefin til 104 verkefna fyrir samtals 91,3 milljónir króna á árinu 2015 og að tíu þeirra hlytu samninga til fleiri ára í viðbót við þá sem fyrir eru. Ráðið samþykkti tillögur faghópsins. Samningar til fleiri ára eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun komandi ára.

Samúel Jón Samúelsson Big Band var útnefnt Tónlistarhópur Reykjavíkur 2015 og hlýtur 2 m. kr. styrk. Hljómsveitin SJS Big Band er einstök í íslenskri tónlistarflóru en hún leikur frumsamda blöndu afríks funks og amerískrar jazztónlistar. Hljómsveitina skipa 14 hljóðfæraleikarar og er hún jafnan skipuð úrvals spílurum úr flóru reykvisks tónlistarlífs. SJS Big Band hefur fyrir löngu sannað sig sem frumleg og líffleg hljómsveit með mikinn listrænan metnað. Þar ræður styrk stjórn Samúels J. Samúelssonar miklu, en hann semur og útsetur að mestu verk sveitarinnar. Hún hefur spilað víða, bæði hér heima og erlendis og hvarvetna hlotið góðar viðtökur.

Framlag til samstarfssamninga við borgarhátíðir til þriggja ára verður árlega: 9 m.kr. til Iceland Airwaves, 3 m.kr. til Jazzhátíðar í Reykjavík, 2 m.kr. til Tónskáldafélags Ísland vegna Myrkra músíkdaga og 2 m. kr. til Blúshátíðar í Reykjavík.

Framlag til samstarfssamninga við borgarhátíðir til tveggja ára verður árlega: 7 m.kr. til Hönnunarmiðstöðvar vegna Hönnunarmars, 4 m.kr. til Bókmenntahátíðar í Reykjavík og 1 m.kr. til Listar án landamæra.

Framlag til samstarfssamninga við hljómsveitir til þriggja ára verður árlega: 1.8 m.kr. til Kammersveitar Reykjavíkur, Stórsveitar Reykjavíkur og Caput.

Stærstu styrkina 2015 hljóta Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík RIFF 4 m.kr. , myndlistarhátíðin Sequences 2 m.kr., Reykjavík Fashion Festival 1.8 m.kr. og 1.5 m.kr. fá hátíðirnar þrjár Secret Solstice Festival, Reykjavík Food Festival og Food and fun. Aðrir styrkir nema frá 100 þúsund krónum til 1 milljón króna skv. hjálögðum lista.

Faghóp um styrki menningar- og ferðamálaráðs skipuðu í ár þau Katrín Hall formaður, Ólöf Nordal, Magnea Matthíasdóttir, Hörður Lárusson og Bragi Valdimar Skúlason.

Menningar- og ferðamálaráð skipa: Elsa Hrafnhildur Yeoman, formaður, Þórgnýr Thoroddsen, Dóra Magnúsdóttir, Stefán Benediktsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Marta Guðjónsdóttir og Ingvar Mar Jónsson.

1 m.kr. hljóta Musica Nova – nýsköpunarsjóður tónlistar, Lab Loki, Shalala, Evrópa kvikmyndir ehf eða Vesturport, Heimili kvikmyndanna Bíó Paradís vegna Alþjóðlegrar barnakvikmyndahátíðar, Kirkjulistahátíð og Múlinn jazzklúbbur.

800 þús. kr. SÍM – Samband íslenskra myndlistarmanna vegna Dags myndlistar, IBBY á Íslandi, Týsgallerí, Óður ehf vegna Mengis, Steinunn Marta Jónsdóttir vegna Harbinger, Jaðarber, Alþjóðlega tónlistarakademían í Hörpu, Sigrún Grendal vegna Nótunnar, Möguleikhúsið, Sigríður Sunna Reynisdóttir vegna Sumarbókarinnar, Brúðheimar ehf vegna Íslenska fílsins og sviðslistahátíð ASSITEJ fyrir unga áhorfendur.

700 þús. kr. Dudo ehf vegna Iceland Writers Retreat, Íslensk tónverkamiðstöð vegna Vistar, Kammerhópurinn Nordic Affect, Reykjavík Shorts&Docs, Listasafn ASÍ, POKA gallerí, Unnur Elísabet Gunnarsdóttir vegna Spellbound, Rósa Ómarsdóttir vegna Carrie's Cry og Védís Kjartansdóttir vegna Choreography Reykjavík.

600 þús. kr. Rodent ehf. vegna Heimstónlistar í Reykjavík og Klapp kvikmyndafélag vegna Skærumynda í Reykjavík 2015.

500 þús. kr. Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Erki tónlist sf, Listvinafélag Hallgrímskirkju, Félag kvikmyndagerðamanna vegna ANIREY, SLÍJM sf vegna Nætúrvarps, Melkorka Sigríður Magnúsdóttir vegna The Milkywhale Experience, Anna Kolfinna Kuran vegna dansverks um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, Gígja Jónsdóttir vegna dansverksins Kapp við keppi, Edda Björg Eyjólfsdóttir vegna Hússins, Dóra Jóhannsdóttir vegna Haraldsins, Mikael Torfason vegna Ljótu stelpnanna, Leikhópurinn Fljúgandi fiskar vegna Andaðu, Óskabörn ógæfunnar vegna Illsku, Bergdís Júlía Jóhannsdóttir vegna Caroll: Berserkur og Sigrún Hlín Sigurðardóttir vegna Stofnunar Ólafar Sölvadóttur.

400 þús. kr. Elektra ensemble, Sigurþór Hallbjörnsson (Spessi ) vegna Breiðholts, Verksmiðjan vegna leikverksins Svona hugsa sterkar konur, Katrín Gunnarsdóttir vegna dansverksins Shades of History, Brynja Sveinsdóttir vegna Persónulegrar heimildaljósmýndunar, Háloftið vegna leikverksins Lokaæfing og Katrín Gunnarsdóttir vegna dansverksins Kvika.

350 þús. kr. Halaleikhópurinn.

300 þús. kr. Elfa Lilja Gísladóttir vegna Upptaktsins, Tónskóli Sigursveins, Lúðrasveitin Svanur, Megan Horan vegna Breiðholt festival, Tónskáldafélag Íslands vegna Norræna músíkdaga, 15:15 tónleikasyrpan, Lúðrasveit verkalýðsins, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, FÍT vegna Klassíkur í Vatnsmýrinni, Guðmundur Ólafsson vegna Tenórsins II, Aðalbjörg Þóra Árnadóttir vegna leikverksins Natalia og Natalia, Þóra Rós Guðbjartsdóttir vegna Vatnsins, Þurfandi Leikfélag vegna leikverksins Gripahúsið, Guðmundur Ingi Þorvaldsson vegna leikverksins Agi, Soðið svið vegna leikverksins Extravaganza, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Töfrahurð sf, Pars pro toto vegna dansverksins Eilífur eldur, Fatahönnunarfélag Íslands, Laufey Jónsdóttir og Íslensk grafík.

200 þús. kr. Alþjóðleg flautuhátíð í Reykjavík 2015, Harpa Guitarama, Midnight Sun Guitar Festival 2015, Listafélag Langholtskirkju, Ljótikór vegna Grannmetis og átvaxta, Óperarctic félagið vegna

Gæla, fæla og þvæla, Sverrir Guðjónsson vegna óperunnar Furðuveröld Lísu, Listfræðafélag Íslands vegna NORDIK 2015, Finnur Karlsson og Camerarctica.

150 þús. kr. Trio Aurora og 100 þús. kr. Ungleikur.

Að auki samþykkti ráðið að úthluta Hörpu Björnsdóttur styrk til niðurgreiðslu ljósmyndaþega af Ljósmyndasafni Reykjavíkur úr sjóði vegna útgáfu myndríkra bóka sem tengdar eru sögu og menningu í Reykjavík allt að kr. 300.000 .